

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Tilvísun: 202402007 / 2.5

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (tímabundnar uppbyggingarheimildir)

Vísað er til tölvupósts nefnda- og greiningarsviðs Alþingis til Skipulagsstofnunar, dags. 1. febrúar sl., þar sem stofnuninni er veittur kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum sem varðar tímabundnar uppbyggingarheimildir, sbr. þingskjal 935, 628. mál.

Skipulagsstofnun kom að samningu frumvarpsins og telur að það feli í sér mikilvæga réttarbót á sviði skipulagsmála.

Orðalag 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur mið af ákvæði 5. mgr. í gr. 12-4 í norsku skipulags- og byggingarlögunum nr. 71 frá 2008 (plan- og bygningsloven), að undanskildu því að í norska ákvæðinu er miðað við tíu ár en ekki fimm ár sem og því að norska ákvæðið gildir um deiliskipulag á forræði einkaaðila, en orðalag frumvarpsins tekur til deiliskipulags óháð forræði. Þegar norsku löggin tóku gildi 2008 var miðað við fimm ár en með breytingu á lögnum 2014, sem tók gildi 2015, urðu árin tíu.

Skipulagsstofnun er reiðubúin að koma til fundar við umhverfis- og samgöngunefnd, telji hún þörf á því.

Ottó Björgvin Óskarsson

Lögfræðingur Skipulagsstofnunar

* Rafræn skilríki



Ottó Björgvin Óskarsson

Ottó Björgvin Óskarsson
Lögfræðingur, tæmi rekstrar og þjónusta

Undirskráð með **OneSign**